



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 22. mars 2021
VEL2021020009

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um aðgerðir til að finna öruggt húsnæði fyrir þá sem búa í ósamþykktu húsnæði.

Á fundi velferðarráðs þann 17. mars 2021 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgaryfirvöld grípi strax til aðgerða sem miða að því að finna öruggt húsnæði fyrir þann hóp fólks sem býr í ósamþykktu íbúðarhúsnæði. Talið er að allt að 7000 manns búi í ósamþykktu húsnæði í borginni. Í sumum tilfellum er aðbúnaður ekki í samræmi við öryggiskröfur sem getur skapað íbúum mikla hættu.

Það hefur ávallt tíðkast að hluti borgarbúa eigi heimili í húsnæði sem ekki hentar til íbúðar og er ekki samþykkt sem slíkt. Heimilisfesta í ósamþykktu íbúðarhúsnæði jókst verulega eftir hrun, þegar fjöldi fólks misstu vinnu og heimili. Góðærið varð til þess að sumir fundu betri aðstæður en í stað þeirra komu aðrir. Vegna mikillar eftirspurnar eftir ódýru vinnuafli við ferðaþjónustu fluttu hér til landsins fjöldi fólks og hóf búsetu í ósamþykktum íbúðum. Ætla má að stór hópur þessa fólks sé nú atvinnulaus vegna áhrifa faraldursins og eigi því ekki annara kosta vöð en að dvelja áfram í óöruggu húsnæði. Um 900 manns eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík. Flestir búa í óleyfishúsnæði vegna þess að þeir hafa ekki efni á að koma yfir sig betra og öruggara skjóli. Mikið af þessu fólki er fjölskyldufólk. Greinargerð fylgir tillögunni. Samþykkt að vísa til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans taka undir að það er alvarlegt mál hve margir búa í ósamþykktu og jafnvel heilsuspillandi húsnæði. Þegar hefur því verið beint til borgarstjóra að hafa forgöngu um úttekt á umfangi þess vanda í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. En við situr að öflugasta úrræði Reykjavíkurborgar til þess

að sporna við þessum vanda er að fjölga íbúðum í borginni, en þegar er róið að því öllum árum og mikil uppbygging hefur verið síðustu ár og er áfram áformuð á næstu árum. Einnig stendur yfir mikil fjölgun íbúða félagsbústaða og áhersla er lögð á fjölgun íbúða á vegum óhagnaðardrifinna félaga.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um aðgerðir til að finna öruggt húsnæði fyrir þá sem búa í ósamþykktu húsnæði, dags. 17. mars 2021, ásamt greinargerð.

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgaryfirvöld grípi strax til aðgerða sem miða að því að finna öruggt húsnæði fyrir þann hóp fólks sem býr í ósamþykktu íbúðarhúsnæði. Talið er að allt að 7000 manns búi í ósamþykktu húsnæði í borginni. Í sumum tilfellum er aðbúnaður ekki í samræmi við öryggiskröfur sem getur skapað íbúum mikla hættu.

Það hefur ávallt tíðkast að hluti borgarbúa eigi heimili í húsnæði sem ekki hentar til íbúðar og er ekki samþykkt sem slíkt. Heimilisfesta í ósamþykktu íbúðarhúsnæði jókst verulega eftir hrun, þegar fjöldi fólks misstu vinnu og heimili. Góðærið varð til þess að sumir fundu betri aðstæður en í stað þeirra komu aðrir. Vegna mikillar eftirspurnar eftir ódýru vinnuafli við ferðaþjónustu fluttu hér til landsins fjöldi fólks og hóf búsetu í ósamþykktum íbúðum. Ætla má að stór hópur þessa fólks sé nú atvinnulaus vegna áhrifa faraldursins og eigi því ekki annara kosta völ en að dvelja áfram í óöruggu húsnæði. Um 900 manns eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík. Flestir búa í óleyfishúsnæði vegna þess að þeir hafa ekki efni á að koma yfir sig betra og öruggara skjóli. Mikið af þessu fólki er fjölskyldufólk.

Greinargerð:

Því erfiðari sem húsnæðismarkaðurinn er fátæku og efnalitlu fólki, aukast líkur þess að fólk finni sér skjól í ósamþykktu, hættulegu húsnæði þar sem brunavörnum er oft ábótavant. Vandinn er meiri nú eftir að atvinnuleysi hefur aukist vegna COVID-19. Ástæður sem leiða til þess að fólk neyðist til að leita sér skjóls í óleyfishúsnæði er skortur á hagkvæmu leiguhúsnæði og fátækt. Hér er m.a. um að ræða húsnæði sem er skipulegt undir atvinnustarfsemi en nýtt til íbúðar fyrir einstaklinga. Einnig séu dæmi um að starfsmannaleigur og atvinnurekendur komi starfsmönnum sínum fyrir í óleyfisbúsetu.